

**Nd.**

**78. Frumvarp til laga**

[45. mál]

um breyting á lögum nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Í stað orðanna „til grenjavinnslu“ í 2. másl. 4. gr. laganna kemur: til vinnslu grenja- og minkabæla.

2. gr.

Orðin „og sömu upphæð fyrir hvern mink“ í 8. gr. laganna falla niður.

3. gr.

Í stað 11. gr. laganna koma sex nýjar greinar, og breytist greinatalan samkvæmt því.

- a. (11. gr.) Frá 1. janúar 1951 skal minkaelði með öllu bannað í landinu, og skal öllum aliminkum lógað fyrir þann tíma. Ríkissjóður greiðir eigendum minkabúa bætur fyrir tjón, er af banni þessu leiðir, samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna.
- b. (12. gr.) Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til útrýmingar villiminka.
- c. (13. gr.) Skylt er hreppsnefndum á þeim svæðum, þar sem vart hefur orðið villiminka, að gera skýrslur um útbreiðslu þeirra og dvalarstaði, eftir því sem unnt er. Sama skylda til skýrslugerðar hvílir á bæjarstjórnnum. Skýrslur þessar skulu sendar hlutaðeigandi sýslumanni, bæjarfógeta og í Reykjavík lögreglustjóra.
- d. (14. gr.) Sýslumaður, bæjarfógeti eða í Reykjavík lögreglustjóri ákveða, hver í sínu lögsagnarumdæmi, að fram fari að minnsta kosti tvisvar á ári, að vetrar- og vorlagi, allsherjar útrýming á þeim svæðum, þar sem villiminka hefur orðið vart.

Sýslumaður, bæjarfógeti eða lögreglustjóri ákveða hverju sinni, hvenær útrýming skuli fara fram.

Hreppsnefnd eða bæjarstjórn sjá um framkvæmd útrýmingarinnar eftir fyrirlagi sýslumanns, bæjarfógeta eða lögreglustjóra.

Nú verður vart villiminka, eftir að allsherjar útrýming fór fram, og er hreppsnefnd eða bæjarstjórn þá skylt að sjá um, að þeir menn, sem til þess hafa verið ráðnir, vinni að útrýmingu dýranna.

- e. (15. gr.) Nú vinna menn villiminka, án þess að þeir hafi verið ráðnir til þess, og skulu þeir fá verðlaun, allt að 60 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er, og hefur oddviti eða bæjarstjóri og í Reykjavík bæjargjaldkeri á hendi greiðslu verðlaunanna.
- f. (16. gr.) Skylt er mönnum að hlíta fyrirmælum hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um útrýmingu villiminka, enda fái þeir greiðslu fyrir starfa sinn samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er landbúnaðarráðuneytið setur. Auk þeirrar greiðslu, sem hér um ræðir, er heimilt að greiða þessum mönnum allt að 20 kr. þóknun fyrir hvert dýr, sem þeir vinna.
- g. Fyrirsögn III. kafla laganna verði: Útrýming minka.

4. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist:

Bæjarstjórnir skulu fá kostnað við eyðingu villiminka endurgreiddan úr ríkissjóði að  $\frac{2}{3}$  hlutum.

## Greinargerð.

Ekki virðist þörf á að fjölyrða mikið um ástæðurnar fyrir frv. þessu. Við flutning málsins áður á Alþingi hefur rækilega verið rökstudd nauðsyn þessarar lagasetningar. En til viðbótar því, er áður hefur verið tekið fram um þetta efni, má á það benda, að villiminkurinn breiðist út um landið enn hraðar en menn óraði fyrir og veldur æ meira og meira tjóni, svo að útlit er nú fyrir, að á fáum árum horfi til fullkominnar gereyðingar á ýmsum landsnyttjum úti um byggðir þessa lands. Þannig er nú t. d. fullsannað, að minkurinn er kominn í Mývatnssveit. Eins og kunnugt er, er þetta fögur fjallasveit. Við Mývatn er fuglalíf stórmikið og fjölbreyttara en á nokkrum stað öðrum hér á landi. Þar eru nokkrar fuglategundir, sem hvergi eiga heima annars staðar hér á landi. Af fuglinum hefur fólkið í sveitinni mikil hlunnindi og mikla hjörg í bú. Nú eru þessi hlunnindi og fuglalífið í bráðum voða. Auk þess er í Mývatni mikil silungsveiði, sem hefur verið mikill þáttur í bjargræði fólksins og verið stunduð meira og minna alla tíma árs. Allar þessar landsnyttjar og reyndar hvar sem er á landinu, eru í yfirvofandi hættu, ef ekki verður undinn bráður bugur að því að útrýma villiminknum. Hvað örlagaríkt þetta kann að verða fyrir Mývatnssveit, ef ekki verður fljótlega hægt að sigrast á þessum vágesti, geta þeir einir gert sér í hugarlund, er hafa kunnugleika á þessu máli.

Á síðastliðnu ári varð minksins vart á heiðunum milli Borgarfjarðar og Húnavatns- og Strandasýslu. Hann mun því norðan heiða gera fljótlega vart við sig í varplöndunum þar og veiðivötnum. Íbúar Breiðafjarðar og Breiðafjarðareyja hafa líka sögu að segja. Ekki er að sjá annað en að minkurinn eyðileggi allt æðarvarp í Breiðafjarðareyjum á fáum árum, ef ekki verða nú þegar gerðar sérstakar ráðstafanir dýrinu til útrýmingar á þeim slóðum.

Þá er það nú bert, hvert stefnir með viðgang fiskivatna, þar sem minkurinn hefur haldið sig um skeið. Reynslan, sem þegar er fengin um Þingvallavatn, Apavatn o. fl. vötn, gefa ótvírætt til kynna, að til fullkominnar tortímingar leiðir um fiskstofninn í vötnunum, sem dýrið hefur tekið sér bólfestu við.

Þessu, sem nú hefur lauslega verið drepíð á, til viðbótar má svo á það benda, að nú á síðastliðnu vori drap minkurinn nokkur unglömb hjá einum bónda, sem við vitum um. Reyndar höfðu menn grun um það á nokkrum stöðum áður, en þá var það í litlum stíl og ekki fullsannanlegt, nema dæmi voru til um það, að hann drap lömb í húsi. Þetta er þó aðeins byrjunin, því að þegar minnkar um æti fyrir hann (fuglalíf þverr og fiskur í vötnum), þá mun hann verða stórtækur um sláturstörfin á unglömbum bændanna. Á þessa hættu höfum við flm. þessa máls þrásinnis bent áður í þinginu, en við minnum á þetta enn á ný, ef einhver alþingismaður verður enn til þess að bregða fæti fyrir framgang málsins á þessu þingi, svo að hann hafi það ekki síðar meir sér til réttlætningar gagnvart þjóðinni, að á þetta hafi ekki verið bent í tæka tíð við flutning málsins í þinginu.

Nú ver ríkissjóður árlega allmiklu fé til að vinna þetta dýr, en það sér ekki högg á vatni. Þær greiðslur munu aukast með hverju ári og villiminknum þó fjölga, nema horfið verði að því ráði að hefjast handa um algera útrýmingu alls staðar þar, sem minksins hefur orðið vart. Slikar veiðiferðir verður að endurtaka aftur og aftur. En um almenna þátttöku við slíkt verk verður ekki að ræða fyrr en húið er að lóga öllum aliminkum og menn eiga ekki á hættu að fá yfir sig þennan ófögnuð úr minkabúunum áfram. Sú fullyrðing, að nú sé ekki lengur hætt við að dýrin sleppi úr búrunum, er einskisverð og fátánleg.

Þá munu einhverjir hafa látið sér það um munn fara, að það væru talsverðar tekjur af minkabúum. Hvar er þær að finna? Hafa þeir, er þessi bú hafa rekið, ekki þóttt tapa á þeim búskap? Eða er einhver sá maður til hér á landi, sem vill halda því fram, að viðhald þessa kvikindis í landinu sé meira virði en þær landsnyttjar, er þjóðin hefur árlega haft af fuglategju og veiðiskap í ám og vötnum? Þær bætur, sem greiða verður úr ríkissjóði til þeirra, er minkabúin eiga og frv. gerir ráð fyrir, eru ekki nema smábrot af því tjóni, sem minkurinn mun fljótlega valda, ef ekkert verður að gert. Eða er það svo, að á Alþingi megi sín meira í þessu efni ímyndaðir hagsmunir örfárra manna, fyrst og fremst í grennd við Reykjavík, en stórvægileg hlunnindi og landsnyttjar fjölda fólks viðs vegar um landið? Sé því þannig varið, er rétt, að það komi í ljós.

Að öðru leyti er vísað til greinargerðar þeirrar, er fylgdi málinu á síðasta þingi, sjá þskj. 172. Nú er málið flutt eins og það var afgreitt í Nd. við 2. umr., en í þeim búningi fór það til Ed. og var látið daga þar uppi.